

AUGLÝSING

um deiliskipulag Egilsstaðaflugvallar, þjónustusvæðis, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 21. nóvember 2012, deiliskipulag Egilsstaðaflugvallar, þjónustusvæðis. Deiliskipulagið felur m.a. í sér færslu á egnos leiðréttingabúnaði, afmörkun lóða innan flugvallarsvæðisins, stækkun flughlaðs, afmörkun byggingarreita fyrir vöruskemmur, breytingu á formi, fjölda og stærð byggingarreita fyrir flugtengda starfsemi einnig breytingu á legu girðinga á nokkrum stöðum. Við gildistöku skipulagsins fellur úr gildi eldra skipulag, sem er deiliskipulag athafnasvæðis sunnan flugstöðvar, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 16. nóvember 2005.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 7. desember 2012.

Ómar Þ. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2012